



Fundur háskólaráðs 22. maí 2003

Fundargerð

Málsnúmer: HI03010012
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 19.05.2003
Dags: 22.05.2003

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

9/2003

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2003, fimmtudaginn 22. maí var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mættir voru: Páll Skúlason, Ármann Höskuldsson, Davíð Gunnarsson, Anna Soffía Hauksdóttir, Oddný Sverrisdóttir, Þórður Harðarson, Þorsteinn Loftsson, Stefán Svavarsson og María Guðmundsdóttir.

1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lögð fram gögn frá ársfundi Háskóla Íslands, 21. maí 2003.
- 1.2 Lögð fram dagskrá 9. háskólafundar, 23. maí 2003.
- 1.3 Lagður fram bæklingur um fjárhags- og starfsáætlun Háskóla Íslands 2003.
- 1.4 Lagt fram bréf frá menntamálaráðuneytinu, dags. 9. maí 2003 þar sem fram kemur að Ármann Höskuldsson og Inga Jóna Þórðardóttir verði fulltrúar menntamálaráðherra í háskólaráði 1. júlí 2003 – 30. júní 2005. Einnig lagt fram bréf frá menntamálaráðuneytinu, dags. 9. maí 2003 þar sem fram kemur að sömu aðilar verði fulltrúar menntamálaráðherra á háskólafundi 1. júlí 2003 - 30. júní 2005.
- 1.5 Lögð fram Árbók Háskóla Íslands 2002 og Ritaskrá Háskóla Íslands 2002.
- 1.6 Lagt fram Fréttabréf Háskóla Íslands, maí 2003.
- 1.7 Lagður fram bæklingurinn „Uppbygging Háskóla Íslands markmið og aðgerðir 2002-2005”, með uppfærðum tölulegum upplýsingum.
- 1.8 Lagður fram samstarfssamningur Háskóla Íslands og Hólaskóla vegna kennslu í fornleifafræði. Samningurinn verður undirritaður 27. maí 2003.
- 1.9 Lagt fram minnisblað, dags. 13. febrúar 2003, um fundi og viðburði á haustmisseri 2003.

2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Lagt fram bréf frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, dags. 6. maí 2003. Óskað er eftir athugasemdum við frumvarp til laga um uppfinningar starfsmanna.
 - Hugverkanefnd var falið að undirbúa umsögn háskólaráðs og leita álits deildar-forseta.
- 2.2 Lagt fram bréf frá Mörgu Thome, deildarforseta hjúkrunarfræðideildar, dags. 16. maí 2003 ásamt greinargerð námsnefndar vegna breytinga á námskrá. Óskað er eftir samþykki háskólaráðs á tillögu námsnefndar um að takmarka fjölda nýnema við 75 skólaárið 2003 – 2004.
 - Samþykkt einróma.

3 Mál á auglýstri dagskrá

- 3.1 Endurskoðaðar reglur um meistaranám í læknadeild.
Halldór Jónsson, framkvæmdastjóri rannsóknasviðs, gerði grein fyrir málinu og framlögðu minnisblaði um endurskoðaðar reglur um meistaranám í læknadeild, dags. 22. maí 2003.
- Samþykkt samhljóða.
- 3.2 Ákvörðun læknadeildar frá 15. apríl 2003 í máli Hafije Zogai.
Rektor gerði grein fyrir málinu.
- Samþykkt einróma að vísa erindinu frá, sbr. framlagt minnisblað lögfræðings Háskólans.
- 3.3 Tillögur heimspekideildar um breytingar á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.
Rektor gerði grein fyrir málinu.
- Samþykkt samhljóða.
- 3.4 Tillaga raunvísindadeildar um að dr. Ingrid U. Olsson, prófessor emeritus, við Uppsalaháskóla verði kjörin heiðursdoktor við Háskóla Íslands.
Málið var rætt.
- Samþykkt einróma.

Fleira var ekki gert.
Fundu slitið kl. 14.05